

Ed.

38. Frumvarp til laga

[38. mál]

um breytingu á lögum um orlof, nr. 87 24. des. 1971.

Flm.: Karl Steinar Guðnason, Eiður Guðnason.

1. gr.

3. gr. laganna orðist þannig:

Lágmarksorlof skal vera 2 dagar fyrir hvern unninn mánuð á síðasta orlofsári og reiknast hálfur mánuður eða meira heill mánuður, en skemmri tími telst ekki með. Það telst vinnutími samkvæmt þessari grein, þótt maður sé frá vinnu vegna veikinda eða slysa, meðan hann fær greitt kaup eða hann er í orlofi. Laugardagar, sunnudagar eða aðrir helgidagar teljast ekki orlofsdagar.

Orlofsárið er frá 1. maí til 30. apríl.

Starfsmaður, sem unnið hefur samfleytt í 10 ár hjá sama atvinnurekanda eða náð hefur 40 ára aldri á því orlofsári sem gjaldfallið er, skal auk lágmarksorlofs samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar fá þrjá daga í orlof, og sá, sem unnið hefur hjá sama atvinnurekanda í 18 ár eða náð 50 ára aldri, skal enn fá 3 daga til viðbótar.

2. gr.

1. mgr. 7. gr. laganna orðist þannig:

Atvinnurekandi skal greiða í orlofsfé 10.17% af launum vegna þeirra, sem rétt eiga á lágmarksorlofi. Við 10 ára starf eða 40 ára aldur hækkar orlofsfé í 11.59% og við 18 ára starf eða 50 ára aldur hækkar orlofsfé í 13.40%.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp svipað þessu hefur verið flutt á undanförunum tveim þingum, en ekki náð fram að ganga.

Þegar orlofslög voru sett á Alþingi á árinu 1942 var lagt til grundvallar að hver sá, sem lögin tóku til, skyldi fá jafnmarga virka daga í orlofi og hann hafði unnið marga almanaks-mánuði næsta orlofsár á undan.

Samkvæmt gildandi lögum um orlof er aðalreglan sú, að orlof er 2 dagar fyrir hvern unninn mánuð.

Við setningu laganna 1942 var vinnuvika verkafólks yfirleitt 48 klst. í dagvinnu, unnin á 6 virkum dögum, mánudegi til og með laugardegi. Á þeim tíma var því næsta eðlilegt, miðað við regluna um einn orlofsdag fyrir hvern unninn mánuð, að allir virkir dagar vinnuvikunnar teldust til orlofsdaga. Frídagur, sem til falla á orlofstímabili, og helgidagar hafa ávallt verið utan orlofs.

Almenn vinnuvika verkafólks hefur verið stytta í áföngum frá 1942 og er nú 40 klst. í dagvinnu, sbr. lög nr. 88 24. des. 1971, með síðari breytingum.

Í 2. mgr. 2. gr. nefndra laga er sú meginstefna mörkuð, að vinna skuli 8 dagvinnustundir á degi hverjum frá mánudegi til og með föstudegi, og í 4. mgr. sömu greinar er ákveðið að næturvinnu taki við strax eftir dagvinnulok á föstudögum, þ. e. þegar lokið er lögbundinni vinnuviku. Fimm daga vinnuvika er því staðreynd hjá meginþorra verkafólks, unnin á mánudegi til og með föstudegi. Laugardagar eru þannig í reynd frídagur hjá öllu verkafólki öðru en því, sem vinnur afbrigðilegan vinnutíma, en það fólk fær þá jafnan annan vikudag sem frídag í stað laugardagsins.

Í samræmi við þá þróun, sem hér hefur verið rakin, hlýtur það að teljast réttlætismál, að til orlofsdaga teljist einvörðungu þeir fimm vinnudagar í viku hverri sem dagvinnuskylda fellur á, þ. e. mánudagur til og með föstudegi, en hvorki laugardagur, sunnudagur né aðrir frí- eða helgidagar sem til falla á orlofstímabili.

Þessi eðlilega og sjálfsagða leiðrétting hefur þó ekki átt sér stað, því samkvæmt gildandi lögum um orlof eru laugardagar taldir til orlofsdaga gagnstætt öðrum viðteknum frídögum. Í nokkrum tilfellum hafa þó stéttarfélög fengið fram leiðréttingu í þessum efnum með því að taka upp í kjarasamninga sína ákvæði um að laugardagar skuli ekki teljast með orlofi fremur en aðrir frídagur.

Þessi mismunandi tilhögun um ákvörðun orlofsdaga skapar óviðunandi misrétti milli starfshópa, jafnvel á einum og sama vinnustað. Úrelt lagaákvæði, sem ekki eru í samræmi við þá þróun vinnutímans sem átt hefur sér stað, mega ekki standa í vegi fyrir því, að jafnrétti komist á hvað lengd orlofstímans snertir.

Orlofslögin voru á sínum tíma sett til þess að tryggja verkafólki lágmarkshvöld frá störfum og þá höfð í huga vinnuverndarsjónarmið. Á þeim tæplega 40 árum, sem lögin hafa verið í gildi, hefur lágmarksorlof lengst úr 2 í 4 vikur, en er nú mun styttra hér á landi en víðast í nálægum löndum þar sem almennt orlof er 5—6 vikur (25—30 vinnudagar á ári).

Flutningsmenn telja rétt að samræma ákvæði um orlof þeim kjarasamningum er samninganefnd ríkisins hefur gert við opinbera starfsmenn. Í þeim kjarasamningum er gert ráð fyrir því, að langur starfsaldur veiti launþega rétt til aukins orlofs. Frumvarpið gerir ráð fyrir að allir launþegar hafi sama lágmarksrétt í þessu tilviki og er ákvæði frumvarpsins um það efni nákvæmlega eins og kjarasamningar opinberra starfsmanna segja til um.

Með frumvarpi þessu er einungis leitast við að leiðrétta augljóst ranglæti og samræma orlofsrétt verkafólks þeirri þróun vinnuvikunnar sem almennt hefur átt sér stað á þeim tíma er liðinn er frá því er gildandi lagaregla var upp tekin, jafnframt því sem leiðrétt verði það misrétti sem nú viðgengst milli starfsstétta hvað lengd orlofsins snertir.